

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 vegna Helligheiðarvirkjunar, iðnaðarsvæða við Þorlákshöfn og Gráhnúka, vatnsverndarsvæðis, akstursípróttasvæðis, háspennulína og niðurfellingar flugvallar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur velferðarráðherra, sem settur hefur verið til að fara með mál þetta, þann 24. febrúar 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í:

Tveimur nýjum iðnaðarsvæðum, samtals 250 ha.

Stækkun iðnaðarsvæðis á Helligheiði um 50 ha.

Nýju iðnaðarsvæði við Gráhnúka, stærð um 200 ha.

Svæði I14 eru sameinuð í eitt svæði í stað þriggja aðskilinna svæða. Stærð svæðis 65 ha.

Opnu svæði fyrir vélhjólaaksturssvæði.

Opið svæði til sérstakra nota O1 er felld út úr aðalskipulagi.

Flugvöllur á Hafnarsandi er felldur út úr aðalskipulagi.

Tveimur nýjum raflínum, Þorlákshafnarlínum 2 og 3.

Svæði Þ3, Gamli Valskáli, er felld út.

Náma í sunnanverðu Lambafelli er stækkuð.

Efnistökusvæði, Hamragil, er felld úr aðalskipulagi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu. Frestað er staðfestingu á þeim hluta breytinga á aðalskipulaginu er varðar Bitruvirkjun, sbr. 2. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 24. febrúar 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.